

# Fundargerð 154. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 25. október 2024

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 10:00.

**Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru:** Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lilly Sigurðardóttir, Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Sæunn Stefánsdóttir og Díana Mjöll Sveinsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Mætt frá Austurbrú:** Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Jón Knútur Ásmundsson ritaði fundargerð. Urður Gunnarsdóttir kom undir lið 4.

## Dagskrá

1. Fundargerð stjórnarfundar [153](#) til kynningar.

### 2. Helstu verkefni Austurbrúar – skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Austurbrúar á næstu vikum. Meðal þess sem hún sagði frá var eftirfarandi: Vinna við haustþing SSA, samningur um svæðisbundin farsældarráð og ráðningaferli honum tengdum, kjördæmavika, Evrópurúta RANNÍS, heimsókn ferðamálastjóra 14. og 15. október, málefni Uppbyggingarsjóðs Austurlands (umsóknarfrestur til 31. október), BRAS, Dagar myrkurs og Austanátt.

Umræður um einstök verkefni, framkvæmdastjóri svaraði spurningum stjórnar og sagði frá helstu verkefnum næstu vikna m.a. samráðsfundi með markaðsstofum landshlutanna, heimsókn Vestfjarðastofu, haustfundi byggða- og atvinnuþróunarfulltrúa landsbyggðanna á Austurlandi, Matarmóti Austurlands og samstarfi Austurbrúar við StarFA, sveitarfélögin og HSA vegna umsóknar í Alcoa Foundation. Hún sagði auk þess frá vinnu við fjárhags- og starfsáætlunargerð og lýsti áhyggjum vegna óvissu við fjárlagagerð stjórnvalda.

### 3. Starfsmannamál Austurbrúar

- Framkvæmdastjóri fór yfir viðbrögð við atvinnuauglýsingum í haust og sagði frá breytingu á sínum högum en framkvæmdastjóraskipti verða hjá Austurbrú um áramót. Stjórn sammála um að auglýst verði sem allra fyrst eftir nýjum framkvæmdastjóra og sama ferli og verklag viðhaft og við framkvæmdastjóraskiptin í fyrra. Framkvæmdastjóri vinnur málið áfram.

### 4. Vinna við gerð nýrrar sóknaráætlunar Austurlands

- Framkvæmdastjóri fór yfir forsögu verkefnisins áður en Urður Gunnarsdóttir, verkefnastjóri sóknaráætlunar, kynnti stöðu á vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar, setti hana í samhengi við svæðisskipulagið og kynnti verk- og tímaáætlun en reiknað er með ný sóknaráætlun verði sett í samráðsgátt stjórnvalda um miðjan nóvember og kynnt stjórn í endanlegri útgáfu snemma í desember.

### 5. Önnur mál.

- Enginn kvaddi sér hljóðs.



Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:00.

# Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinnsson

Eyþór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Díana Mjöll Sveinsdóttir

Sæunn Stefánsdóttir